

Timeline

Var dósahnífurinn fundinn upp á undan eða á eftir ljósaperunni? Á eftir gleraugunum að minnsta kosti... eða hvað? Var það einhvern tíma á milli ritsímans og símans?

Það eru einmitt svona spurningar sem leikmenn þurfa að spyrja sig í hvert sinn sem þeir leggja út spil í Timeline. Markmiðið er að vera fyrst(ur) að spila öllum spilunum sínum rétt út.

Innihald

109 spil - á annarri hlið hvers spils er heiti á uppfinningu og mynd af henni og á hinn hliðinni sömu upplýsingar, ásamt árinu sem hún var fundin upp eða uppgötvuð.

Markmið spilsins

Að vera fyrst(ur) að losna við öll spilin sín.

Undirbúningur

1. Leikmenn setjast í hring.
2. Yngsti leikmaðurinn byrjar.
3. Stokkið spilin. Gætið þess að hliðin með ártölunum snúi niður.
4. Gefið hverjum leikmanni þann fjölda spila sem fram kemur í töflunni hér á eftir (og gætið þess að ártalið snúi niður). Allir leggja spilin sín fyrir framan sig en mega ekki undir neinum kringumstæðum skoða bakhlið spilsins (sem sýnir ártalið)!

Fjöldi leikmanna	Fjöldi spila
2-3	6
4-5	5
6-8	4

Reyndir leikmenn geta komið sér saman um að byrja með fleiri eða færri spil. Fleiri spil í upphafi gera leikinn oft erfiðari.

5. Spilabunkinn er settur á mitt borðið.

6. Snúið efsta spilinu í bunkanum við þannig að ártalið sjáist. Leikmenn byrja nú að reyna að leggja niður spilin sín í rétta tímaröð sitt hvoru megin þetta spil þannig að þeir hlutir eða uppgötvunar, sem á spilunum eru, rati á rétta staði.

Gangur spilsins

Hvert spil er nokkrar umferðir. Í hverri umferð skiptast leikmenn á að gera og gengur röðin réttssælis í kringum borðið. Umferð lýkur ekki fyrr en allir leikmenn hafa gert. Sá sem byrjar verður að leggja niður eitt af spilunum sínum við hlið upphafsspilsins (sem sett var miðju borðsins).

- Ef viðkomandi heldur að uppfinningin eða upp-götvunin á spilinu hans hafi verið fundin upp á undan þeirri sem er á upphafsspilinu leggur hann spilið vinstra megin við það.
- Ef viðkomandi heldur að uppfinningin eða uppgötvunin á spilinu hans hafi verið fundin upp á eftir þeirri sem er á upphafsspilinu leggur hann spilið sitt hægra megin við það.

Þegar spili hefur verið spilað út er því snúið við þannig að ártalið sjáist og athugað hvort það hafi verið sett niður á rétta stað í tímaröðinni:

- Ef spilið var sett niður á rétta stað er það látið liggja þar þannig að ártalið sjáist og viðkomandi hefur þá lokið við að gera.

- Ef spilið var ekki sett niður á rétta stað er því skilað í kassann. Leikmaðurinn þarf þá að draga efsta spilið úr bunkanum og setja fyrir framan sig (með ártalið niður) við hlið hinna spilanna sinna.

Nú á næsti maður leik, þ.e. sá sem situr þeim fyrri á vinstri hönd.

- Ef sá sem byrjaði lagði spilið sitt niður á rétta stað getur næsti leikmaður nú valið um þrjá staði fyrir spilið sitt: vinstra megin við spilin tvö, sem búið er að leggja niður, hægra megin við þau eða á milli þeirra.

- Ef hann leggur sitt spil niður á rétta stað er það látið liggja þar þannig að ártalið snúi upp. Spilin eru einfaldlega færð til þannig að bil sé á milli þeirra allra.

Þá á þriðji leikmaður leik.

- Ef fyrstu tveir leikmennirnir lögðu spil sín niður á rétta staði hefur þriðji leikmaður nú val um fjóra staði til að leggja niður á... o.s.frv.

- Leikmenn skiptast nú á að gera með þessum hætti uns einum eða fleiri hefur tekist að leggja niður öll spilin sín í rétta staði í tímaröðinni. Sjá *Lok spilsins*.

Sérregla

Hugsanlegt er að leikmaður leggi einhvern tíma niður spil með sama ártali og annað spil í röðinni. Í því tilviki eru spilin tvö látin liggja hlið við hlið. Röðin skiptir ekki máli.

Lok spilsins

Í lok hverrar umferðar er kannað hvort einhver leikmanna hafi losað sig við öll spilin sín (með öðrum orðum, hvort honum hafi tekist að leggja niður síðasta spilið sitt á rétta stað):

- Ef engum tókst að leggja niður spilin sín á rétta stað hefst ný umferð.
- Ef aðeins einn leikmaður hefur losað sig við öll spilin sín vinnur hann spilið þegar í stað!
- Ef fleiri en einn leikmaður í sömu umferð leggur niður síðasta spilið sitt á rétta stað heldur spilið áfram.

Allir leikmenn, sem spiluðu út síðasta spilinu sínu, halda áfram að spila en aðrir eru úr leik. Þeir sem spila áfram draga eitt spil úr bunkanum og halda áfram að spila uns aðeins einn leikmaður í umferð leggur síðasta spilið sitt niður á rétta stað!

Í stuttu máli:

Þegar þú átt leik þarftu að reyna að leggja út eitt af spilunum þínum á rétta stað í tímaröðinni. Ef þú leggur spilið niður á rétta stað ertu með einu spili færra fyrir framan þig. Ef þú setur það niður á ranga stað er spilinu hent í kassann og þú verður að draga nýtt. Ef þú ert eini leikmaðurinn sem getur lagt niður síðasta spilið sitt í þessari umferð, vinnurðu spilið!

